

## 3. gr.

Sjóðurinn stendur undir stjórn Búnaðarsambands Eyjafjarðar, en hverju búnaðarfélagi, sem er í Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, er heimilt að gera tilbögur um hvernig verja skuli vöxtum sjóðsins, svo og aðalfundi sambandsins, en stjórn Búnaðarsambands Eyjafjarðar ein, hefir úrskurðarvald til að ákveða endanlega hvernig þeim skuli varið, enda sé það ætíð samkvæmt tilgangi sjóðsins.

Sjóðurinn skal varðveitast og ávaxtast eftir sömu reglum og gilda um féómyndugra.

## 4. gr.

Reikningar sjóðsins skulu fyrir hvert umliðið almanaksár endurskoðaðir af endurskoðendum búnaðarsambandsreikninganna, og skulu reikningar sjóðsins birtir með reikningum búnaðarsambandsins.

## 5. gr.

Ef Búnaðarsamband Eyjafjarðar sameinast öðrum búnaðarsamböndum eða leggst niður, ber fundi þeim, sem hefir með upplausn Búnaðarsambands Eyjafjarðar í núverandi mynd að gera, að ráðstafa minningarsjóði þessum á tryggan hátt, svo hann geti starfað áfram að þeim málefnum og á því svæði, sem skipulagsskrá þessi tiltekur.

## 6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá sjóðsins.

Hofi í Arnarnesshreppi, 12. des. 1934.

*Hannes Davíðsson.*

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sæmundar Jónssonar, fyrrum bónda á Járngerðarstöðum í Grindavík“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 31. desember 1934. Skipulagsskráin er þannig:

**130**  
31. des.

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sæmundar Jónssonar, fyrrum bónda á Járngerðarstöðum í Grindavík.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Sæmundarsjóður og er stofnaður í tilefni af hundrað ára afmæli Sæmundar heitins, 4. september 1934, af undirrituðum syni hans og með samþykki lögerfingja stofnanda. Stofnféð er eitt þúsund krónur.

## 130

31. des.

## 2. gr.

Aðaltilgangur sjóðsins er að veita nemendum í barnaskóla Grindavíkur hrepps, að loknu námi, verðlaun fyrir góða hegðun og framúrskarandi kunnáttu í námsgreinum skólans, að sundi meðtöldu, ef regluleg kennsla fer fram í þeirri grein. Svo má og síðar verja nokkuru af fé sjóðsins öðruvísi (sjá 3. gr.).

## 3. gr.

Af vöxtum sjóðsins skal árlega (í fyrsta sinn vorið 1936) verja tuttugu krónum til tvennra tíukróna verðlauna, ef full ástæða þykir til og mega önnur þeirra veitast fyrir sund (samkv. 2. gr.). En þegar sjóðurinn er orðinn fimmtán hundruð krónur, má annaðhvort hækka verðlaunin, fjölga þeim eða verja nokkuru af árstekjunum til styrktar skólaferð, eftir því hvað stjórn sjóðsins telur þá heppilegast, en þó mega þessi auknu útgjöld, að viðbættum hinum upprunalegu verðlaunum, aldrei fara fram úr  $\frac{2}{3}$  af árstekjum sjóðsins.

Sjóðinn má auka með gjöfum og áheitum.

## 4. gr.

Fé það, sem sjóðnum kann að áskotnast, eða afgangs verður af ársvöxtum hans, skal leggja við innstæðuna og ásamt henni ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands.

## 5. gr.

Sjóðnum stjórnar skólanefnd barnaskóla Grindavíkurhrepps og veitir verðlaun og styrki úr honum; en hafa skal hún, þegar um veitingu verðlauna (eða styrkja) er að ræða, aðalkennara (skólastjóra) skólans með í ráðum á sameiginlegum fundi, þar sem hann kemur með ákveðnar tillögur í þá átt.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins hafi á hendi reikningshald hans, semji árlega reikning yfir sjóðinn og sendi hann ár hvert hreppsnefnd Grindavíkurhrepps til athugunar og endurskoðunar með reikningum hreppsins og til birtingar á sama hátt og hreppsreikningana.

## 7. gr.

Sjóðsstjórninni ber að færa bók yfir tekjur og gjöld sjóðsins og eignir hans og skrá yfir nemendur þá, er verðlaun hljóta úr sjóðnum, og sé skráin, eða afrit af henni látin fylgja reikningum sjóðsins til hreppsnefndar.

## 8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 14. desember 1934.

*Bjarni Sæmundsson.*